



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24

IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 10. júní 2008

Tilvísun: UST20080300114/ksj

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Breyting á aðalskipulagi Grímsnes – og Grafningshrepps 2002 – 2014 í landi Úlfjótsvatns og deiliskipulag frístundabyggðar á vesturbakka Úlfjótsvatns

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu er barst Umhverfisstofnun þann 26. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að breyttu aðalskipulagi Grímsnes – og Grafningshrepps, Úlfjótsvatni og tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar á vesturbakka Úlfjótsvatns sem nær að Þingvallavatni.

Aðalskipulag

Í greinargerð með tillögu að breyttu aðalskipulagi kemur fram að í staðfestu aðalskipulagi sé gert ráð fyrir 55 ha svæði undir frístundabyggð og að tillaga að breyttu aðalskipulagi geri ráð fyrir stækkun upp á 56 ha þannig að við breytingu verði heildarstærð frístundabyggðar 111 ha. Þegar rýnt er í uppdrátt af staðfestu aðalskipulagi annars vegar og tillögu að breyttu aðalskipulagi hins vegar kemur í ljós að mikill stærðarmunur er á þeim reitum er tákna frístundabyggð sem telst 55 ha annars vegar og þeirri 56 ha viðbót, sem merkt er með tölunni 1 á uppdrætti hins vegar. Umhverfisstofnun gerir athugasemd við þetta mismæmi. Fyrirhuguð stækkun á frístundabyggð nær yfir svæði sem á staðfestu aðalskipulagi er skilgreint sem óbyggt svæði og fjarsvæði vatnsverndar. Skipulagssvæðið er innan verndarsvæðis Þingvallavatns. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 1. lið a í 2. viðauka laga nr.106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha tilkynningaskyldar og er metið í hverju tilviki hvort þær skuli háðar mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur að þetta eigi að koma fram í greinargerð er fylgir tillögu að breyttu aðalskipulagi.

Vatnsvernd

Á núgildandi aðalskipulagi er deiliskipulagssvæðið merkt sem vatnsverndarsvæði, fjarsvæði. Á tillögu að breyttu aðalskipulagi er vatnsverndarmerking tekin út. Umhverfisstofnun vekur athygli á að þess er ekki getið í greinargerð með tillögu að breyttu aðalskipulagi að verið sé að létta vatnsvernd af svæðinu.

Náttúruminjar

Umhverfisstofnun gerði það að tillögu sinni í skýrslunni Náttúruverndaráætlun 2004-2008,

aðferðarfræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar, að Úlfjótavatn ásamt Soginu og Álftavatni yrðu friðlýst sem búsvæði. Í skýrslunni segir meðal annars um svæðið:

„*Bergvatnsá, graslendi, votlendi og skógur.*“ og „*Fjölbreytt fuglalíf og sjaldgæfar tegundir. Tugir anda hafa þar vetursetu.*“ Auk þessa eru Úlfjótavatn og Sog á skrá Alþjóða fuglaverndarsamtakanna (Birdlife International) um „alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði“, sérstaklega vegna fjölbreytts fuglalífs að vetrarlagi. Á Úlfjótavatni og Sogi sjást reglulega sjaldgæfar endur, t.d. hringönd, kúfönd, hvítönd og hjálmönd. Alls sjást í landi Úlfjótsvatns 8 tegundir fugla sem skráðir eru á Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þessar tegundir eru himbrimi, grágæs, straumönd, húsönd, gulönd, haförn, svartbakur og hrafn.

Í framangreindri skýrslu Umhverfisstofnunar er lagt til að Sogið, Úlfjótavatn og Álftavatn verði friðuð sem búsvæði, ásamt 200 m breiðu belti beggja vegna árinna. Að mati Umhverfisstofnunar ætti byggð ekki að vera nær bakka Úlfjótsvatns, Sogs og Álftavatns en sem nemur 200 metrum til að tryggja vernd vatnanna og þess fuglalífs sem þar er og til að tryggja nægilegt rými til útivistar meðfram vatninu. Einnig nýtur Úlfjótavatn sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga um náttúruvernd nr 44/1999.

Svæðið sem á deiliskipulagstillögunni er tekið undir fyrirhugaðar frístundalóðir er staðsett á vesturbakka Úlfjótsvatns nánar tiltekið á eiði milli Úlfjótsvatns og Þingvallavatns. Þar sem deiliskipulagssvæðið er innan verndarsvæðis Þingvallavatns samkvæmt lögum um verndun Þingvallavatns nr. 85/2005, telur Umhverfisstofnun að merkja ætti verndarsvæðið inná deiliskipulagsupprátt. Einnig sé nauðsynlegt að í greinargerð komi fram að ákvæði ofangreindra laga gilda á skipulagssvæðinu sem og ákvæði reglugerðar um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns nr. 650/2006.

Verndun vatnasviðs Þingvallavatns

Eins og fram hefur komið hér að ofan er skipulagssvæðið að mestu inni á verndarsvæði Þingvallavatns. Reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns hefur það að markmiði meðal annars „*að tryggja að innan verndarsvæðisins verði yfirborðsvatni eða grunnvatni ekki spillt eða það mengað svo sem vegna jarðrasks, byggingar mannvirkja, búsetu, borunar eftir vatni...*“ o.s.frv. Í 15. gr. ofangreindrar reglugerðar, Frárennsli og fráveitur, er fjallað um það að innan verndarsvæðis Þingvallavatns skal beita ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa hreinsun. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að hreinsa sérstaklega nitur úr frárennsli frá frístundahúsum þar sem Þingvallavatn er talið viðkvæmt fyrir niturmengun. Telur stofnunin að koma ætti upp slíkum búnaði í viðkomandi hreinsivirkjum.

Í 20. gr. framangreindrar reglugerðar kemur einnig fram að „*Heilbrigðisnefnd Suðurlands í samráði við sveitarstjórnir á verndarsvæðinu skulu gera aðgerðaráætlun fyrir verndun vatns sem umhverfisráðherra samþykkir að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar*“.

Aðgerðaráætlunin skal m.a. innihalda viðbragðsáætlun vegna hugsanlegra mengunaróhappa, leiðbeiningar um frágang fráveitukerfa og fráveitutækni sem beita má á svæðinu og leiðbeiningar um notkun umhverfissvænna efna m.a. varðandi notkun viðarvarnarefna og sæfiefna.

Mikil ásókn hefur verið í uppbyggingu frístundahúsa innan vatnsverndarsvæðis Þingvallavatns og með umræddri breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins mun frístundabyggð á svæðinu stækka um 56 hektara. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að vera til staðar heildarstefnumörkun fyrir alla uppbyggingu innan vatnsverndarsvæðis Þingvallavatns þar sem mat er lagt á álag og afleiðingar þess fyrir lífríki vatnsins. Því telur Umhverfisstofnun að ekki eigi að gera ráð fyrir frekari uppbyggingu frístundabyggðar á verndarsvæði Þingvallavatns fyrr en heilbrigðisnefnd Suðurlands í samráði við sveitarstjórnir

á verndarsvæðinu hefur mótað stefnu varðandi uppbyggingu frístundabyggðar á svæðinu. Hluti af þeirri stefnu þarf að vera aðgerðaráætlun um hvernig á að viðhalda vatnsgæðum á verndarsvæði Þingvallavatns og viðbrögð við mengunaróhöppum.

Deiliskipulag

Í greinargerð er fylgir tillögu að breyttu deiliskipulagi kemur fram að deiliskipulagssvæðið er alls 67,6 hektarar og að á 40,2 hekturum er gert ráð fyrir 59 lóðum með jafn mörgum byggingarreitum. Í greinargerð með tillögu að breyttu aðalskipulagi kemur fram að svæði fyrir frístundabyggð muni stækka um 56 hektara svo milli tillagnanna er ósamræmi. Þar sem deiliskipulagssvæðið er á eiði milli Þingvallavatns og Úlfjótsvatns telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að bakkar Þingvallavatns séu sýndir á deiliskipulagsuppdraettinum. Í greinargerð með deiliskipulagsuppdraetti er þess getið að 4 lóðanna eru frá fyrri tíð, en þær lóðir eru ekki merktar sérstaklega á uppdrátt og útlínur húsa sem standa á lóðunum eru ekki sýndar. Samkvæmt upplýsingum frá skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu eru viðkomandi lóðir við vatnsbakkann. Ein af eldri lóðunum liggur alveg við vatnið en samkvæmt 23. grein laga um náttúruvernd og samkvæmt 4.15.2 grein skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 þar sem fjallað er um Vötn, ár og sjó í skipulagsáætlunum, er óheimilt að hindra leið fótgangandi meðfram ám og vötnum. Ef göngustíg er ekki komið við meðfram vatninu þarf að skapa svigrúm fyrir göngustíg eins nálægt vatninu og kostur er.

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar á ekki að skipuleggja frístundabyggð innan verndarsvæðis Þingvallavatns þar sem byggingu og rekstri slíkra byggða getur fylgt hugsanleg mengun sem áhrif getur haft á verndarsvæðið. Ef samt sem áður er haldið áfram með áætlunina ætti að mati Umhverfisstofnunar að draga úr þéttleika frístundabyggðar til að gefa nægilegt rými til útivistar og athafna og Umhverfisstofnun telur vegna ofangreinds verndunar- og útivistargildis svæðisins að fækka eigi þeim frístundalóðum sem eru næst bökkum Úlfjótsvatns og Þingvallavatns, þannig að tryggt sé að hvergi verði gert ráð fyrir byggð nær vatnsbökkum en 200 metrar. Umhverfisstofnun telur að áður en ráðist verður í frekari uppbyggingu frístundabyggðar á verndarsvæði Þingvallavatns þurfi heilbrigðisnefnd Suðurlands í samráði við sveitarstjórnir á verndarsvæðinu að hafa mótað stefnu varðandi uppbyggingu frístundabyggðar á svæðinu, þannig að fyrir liggi aðgerðaráætlun um hvernig á að viðhalda vatnsgæðum á verndarsvæði Þingvallavatns og viðbrögð við mengunaróhöppum.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur



Hjalti J. Guðmundsson
Sviðsstjóri